

**Fjárlaganefnd Alþingis**  
**Austurvöllur**  
**101 Reykjavík**

*Frá Minja- og sögufélagi Grindavíkur.*

*Beiðni um fjárstyrk vegna endurbóta á fiskhúsinu Kreppan í Grindavík, sem byggt er árið 1930. Sótt er um 10 milljónir króna.*

Minja- og sögufélag Grindavíkur, kt. 421213-0540, sækir hér með um styrk vegna endurbóta á fiskhúsinu Kreppan í Grindavík. Félagið fékk húsið að gjöf sl. sumar frá Þorbirni hf. Húsið er byggt árið 1930 og fyrsta húsið sem er sérstaklega byggt sem fiskhús í Grindavík. Húsið hefur mikið minjasögulegt gildi og mikilvægt að varðveita það og færa í upprunalegt horf. Það er 494 m<sup>2</sup> og stærð lóðar er 1650 m<sup>2</sup> sem einnig í eigu félagsins.

Áform félagsins eru að gera húsið upp og að það þjóni síðan sem sýningarsalur fyrir byggðasafn, en ekkert slíkt safn er í Grindavík. Áætlaður kostnaður við að koma húsinu í nothæft stand er um 15 milljónir króna. Vinnuframlag félagsmanna er gert í sjálfboðavinnu.

Grindavík, 10. nóvember 2023

Með góðum óskum,

Hallur J Gunnarsson, form.

[banar@banar.is](mailto:banar@banar.is)

Sími: 821-5304

